

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/11/EB

2008/EES/35/11

frá 16. febrúar 2005

um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum, á tilskipun ráðsins 92/23/EBE varðandi hjólbarða á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og ásetningu þeirra (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/23/EBE frá 31. mars 1992 varðandi hjólbarða á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og ásetningu þeirra ⁽²⁾, einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 92/23/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um gerðarviðurkenningaraðferð Bandalagsins sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE.
- 2) Í tilskipun 92/23/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 2001/43/EB, er kveðið á um að gerðarviðurkenningaryfirvaldi sé heimilt að samþykkja rannsóknarstofur hjólbarðaframleiðanda sem viðurkenndar prófunarstofur fram til 31. desember 2005. Reynslan af þessu ákvæði hefur verið mjög góð og þess vegna er rétt að beita þessari heimild áfram og afnema þessi tímamörk.
- 3) Tækniframfarir í hjólbarðaframleiðslu eru mjög örar. Vegna mikillar eftirspurnar frá neytendum og bifreiðaiðnaðinum verður framleiðsluferli hjólbarða æ hraðara og fjölbreytni í gerðum hjólbarða eykst stöðugt. Talið er að þetta ástand verði enn erfiðara í framtíðinni þar eð krafa verður gerð um mjög dýran og sérhæfðan prófunarbúnað og sérfræðipækkingu. Til að unnt sé að koma án tafar á markað framleiðslu sem hefur nýlega verið þróuð er nauðsynlegt að nógu margar prófunarstöðvar séu fyrir hendi, sem hægt er að nota á margvíslegan hátt.

- 4) Jafnframt því að miklu betri hjólbarðar eru þróaðir í kjölfar tækniframfara eykst þörfin á sífellt fullkornari prófunaraðferðum. Sem stendur hafa engir aðrir en hjólbarðaframleiðendur afkastagetu til að ráða við þann mikla fjölda prófana sem þörf er á.
- 5) Því ber að breyta tilskipun 92/23/EBE til samræmis við þetta.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem komið var á fót skv. 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað liðar 1.3 í I. viðauka við tilskipun 92/23/EBE komi eftirfarandi:

„1.3. Viðurkenningaryfirvaldi er heimilt að samþykkja rannsóknarstofur hjólbarðaframleiðenda sem viðurkenndar prófunarstofur skv. 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 70/156/EBE.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2005. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 2006.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 46, 17.2.2005, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 112/2005 frá 30. september 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 66, 22.12.2005, bls. 6.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB (Stjútíð. EB L 337, 13.11.2004, bls. 13).

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 129, 14.5.1992, bls. 95. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/104/EB (Stjútíð. EB L 211, 4.8.2001, bls. 25).

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.
